

## **Ákvörðunarferli nýs námsframboðs Samþykkt í háskólaráði 18. júní 2008**

1. Námsnefnd í deild eða skor setur fram tillögu um nýja námsleið með nýju námsframboði. Tillögunni skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um námið sbr. fyrirbyggjandi gátlista. Skor/braut samþykkir tillöguna. Deildarfundur/deildarráð samþykkir tillöguna og metur fjárhagslega greinargerð sem fylgir frá skorar-/brautarfundi. Upplýsingar um ákvörðunarferil tillagnanna skulu fylgja þeim allt til endanlegrar ákvörðunar háskólaráðs.
2. Deildarráð/deildarfundur verður að ljúka öllum tillögum um nýtt námsframboð í síðasta lagi 1. september fyrir haustmisseri árið eftir. Takist það ekki frestast allar breytingar um eitt ár.
3. Deild sendir tillögur sínar að nýju námsframboði til framkvæmdastjórnar.
4. Framkvæmdastjórn leitar umsagnar gæðaráðs og metur hvort nýtt námsframboð rúmast innan fjárhagsáætlunar og hvort námsframboðið samræmist samþykkttri stefnu Háskólans á Akureyri.
5. Framkvæmdastjórn sendir þær tillögur sem hún samþykkir áfram til háskólaráðs í síðasta lagi í október.
6. Háskólaráð tekur endanlega ákvörðun um nýtt námsframboð. Slík ákvörðun þarf að liggja fyrir eigi síðar en í nóvember ár hvert.
7. Allar samþykktar tillögur háskólaráðs að nýju námsframboði þurfa að berast kennslusviði eigi síðar en 1. desember ár hvert.
8. Samkvæmt reglum háskólans, 30. gr., skal háskólaráð staðfesta námskrá eigi síðar en í febrúar ár hvert.
9. Með öllu er óheimilt að kynna nýtt námsframboð sem ekki hefur farið formlega leið og verið samþykkt af háskólaráði.

Þessar reglur taka gildi 1. júlí 2008.